

AUGLÝSING
um nýja lyfsöluskrá II.

114
31. ágúst

Frá og með 1. september 1954 gengur í gildi ný lyfsöluskrá II, útgefin af þessu ráðuneyti 25. ágúst 1954. Jafnframt fellur úr gildi lyfsöluskrá II frá 1. okt. 1952.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 31. ágúst 1954.

Ingólfur Jónsson.

Ragnar Bjarkan.

AUGLÝSING

115
2. sept.

um breyting á reglugerð um búfjártryggingar, nr. 79 frá 7. maí 1953.

Aftan við 16. grein reglugerðarinnar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Bætur fyrir lambalát skulu vera 60% af tryggingarverði ærinnar. Eigi er gerður greinarmunur á því, hvort ærin lætur einu eða fleiri lömbum.

Reglugerðarbreyting þessi, sem er gerð samkvæmt lögum nr. 20 26. febr. 1943, um búfjártryggingar, og lögum nr. 90 15. des. 1952, um breyting á þeim lögum, öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 2. september 1954.

Steingrímur Steinþórsson.

Arni G. Eylands.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Skólasjóð Þorleifs Gunnarssonar“, 116
útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. sept. 1954. 3. sept.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Skólasjóð Þorleifs Gunnarssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Skólasjóður Þorleifs Gunnarssonar og er stofnaður með tvennum 5000 króna gjöfum af Þorleifi Gunnarssyni, bókbandsmeistara.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að hjálpa til við útvegum áhaldna handa sérskóla í bókbandi, er settur verði á stofn innan Iðnskólans í Reykjavík.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins og öllum eignum hans má verja samkvæmt 2. gr., þó svo, að sjóðurinn verði ekki lagður niður, heldur verði honum haldið opnum fyrir áheit-